

Nd. 244. Frumvarp til laga [207. mál]

um breytingu á lögum nr. 42 12. maí 1969, um afréttamálefni, fjallskil o. fl., með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

IX. kafli, **Um mörk og markaskrá**, breytist og orðist svo:

a. (63. gr.)

Fjármörk eru: Eyrnamörk, hornamörk, brennimörk og plötumerki í eyra með áletruðum stöfum hreppsrennimarks (sveitarfélags) og heimilisnúmeri eða brennimarki einstaklings. Um liti, gerð og notkun plötumerkja eftir varnarhólfum fer eftir reglum, sem sauðfjársjúkdómanefnd setur samkv. 12. gr. laga nr. 23 10. mars 1956, en heimilt er að ákveða í reglugerð við lög þessi að á tilteknum svæðum skuli allt fé merkt slíkum plötumerkjum.

Hver fjáreigandi er skyldur að hafa glöggt mark á fé sínu. Lömb skulu eyrnamörkuð, þau er til næst, fyrir lok tólftu viku sumars. Skytt er hverjum fjáreiganda að hafa hreppsmerki á fé sínu, brennimark á hyrndu fé, ella plötu í eyra. Þó má í fjallskilasamþykkt veita undanþágur frá þessu ákvæði, þar sem fjársamgöngur eru litlar og fé er ekki rekið til afréttar. Sömu reglur gilda um mörk á geitum og sauðfé.

Í fjallskilasamþykkt er heimilt að setja sérákvæði um eyrnamörk og plötumerki á hrossum og nautgripum. Ráðherra er heimilt með reglugerð að löggilda frostmerkingar sem mörk á hrossum og nautgripum og skal þá frostmerking vera réttþærri en eyrnamark. Í reglugerð skulu sett ákvæði um notkun auðkenna, framkvæmd frostmerkinga og skyldu eigenda til að láta frostmerkja hross og nautgripi.

b. (64. gr.)

Sauðfé og annan búpening skal draga eftir mörkum. Mark helgar markeiganda kind, nema sannist, að annar eigi. Enginn má draga sér kind, sem eigi ber hans rétta mark. Við sönnun á eign á kind er brennimark réttþæst, næst löggilt plötumerki, þá hornamark og síðast eyrnamark. Sé þess krafist af eiganda réttlægra marks á kind, skal eigandi réttþærra marks gera grein fyrir, hvernig hann hefur eignast kindina. Enginn má nota mark annars manns, nema leyfi hans komi til.

c. (65. gr.)

Mörk ganga að erfðum og gefa má mark svo og selja. Taka má upp nýtt mark, gerðarmark. Við framsal á marki og upptöku gerðarmarks skal þess gætt, að gerð marksins sé í samræmi við reglur fjallskilaumdæmisins og reglur um bann við sammerkingum skv. 68. gr., og ekki svo líkt öðru marki á svæðinu, að hætt sé við misdrætti að dómi markavarðar.

Eigendaskipti að marki milli útgáfu markaskráa skulu tilkynnt markaverði. Sama gildir ef markeigandi flyst á milli fjallskiladeilda eða fjallskilaumdæma eða tekur upp nýtt mark. Geri markavörður ekki athugasemdir við markið, að höfðu samráði við hlutadeigandi markaverði, birtir hann tilkynningu um það í Lögbirtingablaði á kostnað hins nýja eiganda. Hreppstjórar og markaverðir á viðkomandi svæðum skulu færa skrá yfir slík mörk og eigendur þeirra.

Ráðherra getur í reglugerð ákveðið að bannað sé að nota tiltekin mörk, en að öðru leyti skal í fjallskilasamþykkt tekið fram hvers konar mörk megi taka upp og nota.

d. (66. gr.)

Stjórn hvers fjallskilaumdæmis skal sjá um útgáfu á markaskrá fyrir umdæmið. Markaskrár skulu gefnar út samtímis um land allt og eigi sjaldnar en 8. hvert ár. Skulu markaskrár næst gefnar út 1987. Stjórnnum fjallskilaumdæma er heimilt að sameinast um útgáfu markaskrár.

Stjórn fjallskilaumdæmis felur ákveðnum manni, markaverði, umsjón með mörkum og gerð og útgáfu markaskrár af sinni hálfu. Skal sem mest samræmi haft í gerð markaskráa um land allt og fylgt í því efni ákvæðum reglugerðar, sem landbúnaðarráðherra setur um mörk og markaskrár.

Ráðherra getur með reglugerð falið Búnaðarfélagi Íslands að hafa umsjón með samræmingu á gerð og útgáfu markaskráa og upptöku nýrra marka og ákveðið að öll mörk í landinu skuli sameiginlega færð í tölvu í umsjá þess. Kostnað af starfi Búnaðarfélags Íslands vegna þessa verkefnis greiðir stjórn hvers fjallskilaumdæmis í hlutfalli við markafjölda. Þó er Búnaðarfélaginu heimilt, að fenginni sérstakri fjárveitingu á fjárlögum, að greiða að hluta tölvuvinnslu markaskrána í fyrsta sinn.

Kostnaður fjallskilaumdæmis við markavörslu, störf markavarða og gerð og útgáfu markaskrár skal greiddur af markagjöldum.

Stjórn fjallskilaumdæmis getur ákveðið eftirfarandi markagjöld:

- a) Gjald fyrir skráningu á marki í markaskrá við útgáfu nýrrar markaskrár. Skal gjald þetta fylgja tilkynningu um mark. Heimilt er að ákveða stighækkandi gjald fyrir skráningu á marki, þegar sami markeigandi á þrjú eða fleiri fjármörk og fyrir mark sem markeigandi hefur sannanlega ekki notað í átta ár frá útgáfu síðustu markaskrár eða lengur.

- b) Gjald fyrir skráningu á eigendaskiptum eða upptöku á nýju marki milli útgáfu markaskráa.
- c) Jöfnunargjald sem stjórn fjallskilaumdæmis er heimilt að leggja á fjallskilasjóði í umdæminu í hlutfalli við fjölda skráðra marka á svæði hvers fjallskilasjóðs. Jöfnunargjald skal þó því aðeins lagt á, að gjöld samkvæmt a)- og b)-lið nægi ekki til að mæta kostnaði fjallskilaumdæmisins skv. þessari grein.

Markeiganda er skylt að tilkynna markaverði mark sitt til skráningar í markaskrá fjallskilaumdæmisins og skal það gert innan tiltekins frests, sem markavörður auglýsir, m. a. í Lögbirtingablaði.

e. (67. gr.)

Mark sem hvorki er skráð í gildandi markaskrá né hefur verið auglýst í Lögbirtingablaði, sbr. 65. gr., eftir útgáfu síðustu markaskrár, skal talið niður fallið og er þá öðrum heimilt að taka það upp. Þó skal sá sem áður átti markið hafa forgangsrétt til þess, ef hann tekur það upp innan átta ára frá útgáfu síðustu markaskrár og heldur það þá aldursrétti, sbr. 4. mgr. 68. gr.

Markavarsla fjallskilaumdæmis getur geymt mark, sem markeigandi tilkynnir ekki til skráningar í markaskrá, með því að skrá það, og leyft öðrum á svæðinu að taka það upp þegar átta ár eru liðin eða fyrr með samþykki fyrri eiganda. Hafi markavarsla geymt mark lengur en átta ár fellur aldursréttur þess niður.

f. (68. gr.)

Sammerking er óheimil innan sama fjallskilaumdæmis.

Landbúnaðarráðherra ákveður að öðru leyti í reglugerð, sem sett skal, að höfðu samráði við sauðfjársjúkdómanefnd, á hvaða svæðum á landinu sammerkingar á sauðfé eru óheimilar, en stjórnir fjallskilaumdæma ákveða slíkt varðandi annað búfé.

Það telst vera sammerking, þegar tveir eða fleiri markeigendur eiga sama mark.

Markavörðum samliggjandi fjallskilaumdæma er skylt, eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð, að vinna saman að útrýmingu óleyfilegra sammerkinga á sauðfé, sem nú fyrirfinnast, og fyrirbyggja að nýjar sammerkingar myndist við upptöku nýrra marka eða flutning marka milli fjallskilaumdæma og skulu þeir í því starfi fylgja eftirfarandi reglum:

Ef tveir eða fleiri fjáreigendur á svæði, þar sem sammerkingar eru ekki leyfilegar, tilkynna sama mark til skráningar í markaskrá á viðkomandi svæði eða tilkynnt er um eigendaskipti að marki, skal erfðamark ganga fyrir gjafamarki, gjafamark fyrir kaupamarki og kaupamark fyrir gerðarmarki. Sama gildir um óleyfilegar sammerkingar, sem þegar eru fyrir hendi. Aðfluttur maður eða maður sem öðlast hefur rétt á marki úr öðru fjallskilaumdæmi fyrir framsal, skal breyta marki sínu, hvort sem markið er erfðamark, gjafamark eða kaupamark, ef sammerkt á eða of námerkt á hinu nýja fjársamgöngusvæði að dómi markavarda. Sé um sama flokk marks að ræða, sem ágreiningur er um, þá á sá réttinn sem á eldra markið, þ. e. það mark, sem lengur hefur verið samfelt í markaskrá umdæmisins. Sé ekki unnt að leysa úr ágreiningi um hver skuli halda marki á grundvelli framanskráðra reglna eða markaverðir verða ekki sammála um úrlausn máls, skal vísa málinu til úrskurðar hjá markanefnd.

Sé ekki unnt að skera úr ágreiningi um hver skuli halda marki á grundvelli reglna 2. mgr., skal markanefnd ákveða hver skuli halda hinu umdeilda marki. Við úrskurð sinn skal nefndin m. a. taka tillit til þess hversu auðvelt hlutaðeigandi eigi með að láta af markinu með tilliti til fyrri notkunar þess, fjárfjölda, annarra marka viðkomandi og mismunandi sammerkingarbannsvæða.

Sá sem missir mark sitt vegna reglna í lögum þessum eða úrskurða markanefndar, á ekki kröfu á bótum og honum er skylt að marka fé sitt með nýju marki.

Áður en markaverðir úrskurða, hver skuli halda marki, skal hlutaðeigandi markaeigendum gefinn kostur á að tjá sig skriflega um málið.

g. (69. gr.)

Ákvörðunum markavarðar eða fundar markavarða um skráningu á marki, synjun um skráningu og niðurfellingu marks vegna sammerkinga, er heimilt að skjóta til markanefndar innan 45 daga frá því að ákvörðun var sannanlega tilkynnt kæranda og skal kærandi, vegna áfrýjunar, greiða gjald sem ráðherra ákveður árlega og auglýsir.

Landbúnaðarráðherra skipar þrjú menn í markanefnd til átta ára í senn. Skal einn skipaður eftir tilnefningu stjórnar Búnaðarfélags Íslands, annar eftir tilnefningu sauðfjár-sjúkdómanefndar og sá þriðji án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Ráðherra skipar varamenn með sama hætti. Markanefnd skal fylgjast með framkvæmd laga, reglugerða og samþykktu um mörk og markaskrár og vera til ráðuneytis um þau mál. Ráðherra getur með reglugerð falið markanefnd tiltekin verkefni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Fella skal meginmál þessara laga og meginmál laga nr. 43 25. maí 1976 og 35. gr. laga nr. 10 14. mars 1983 inn í lög nr. 42 12. maí 1969 og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Landbúnaðarráðherra skipaði þann 5. ágúst 1980 nefnd til að endurskoða reglugerð nr. 421/1978 um mörk og markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár. Í nefndinni áttu sæti: Halldór Pálsson, fyrrv. búnaðarmálastjóri, formaður, Haukur Jörundarson, þá skrifstofustjóri landbúnaðarráðuneytisins, og Gísli Andrésson, bóndi á Hálsi. Gísli tók sæti Jóns Kristjánssonar, rannsóknarmanns, í nefndinni við andlát hans 1981.

Við athugun nefndarinnar á markaskrá, útgefnum árið 1979, kom í ljós að enn var við lýði fjöldi óleyfilegra sammerkinga. Í lögum nr. 42/1969, sbr. lög nr. 43/1976, um afréttamálefni, fjallskil o. fl., er ekkert ákvæði sem bannar eldri sammerkingar sauðfjár, þótt hættulegar teljist, heldur aðeins ákvæði um að ekki megi taka upp nýtt mark, sem annar á í sama eða nærliggjandi héraði, svo að misdrætti geti valdið. Lög nr. 23 10. mars 1956, sbr. lög nr. 12/1967 um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjár-sjúkdóma og útrýmingu þeirra, sem áður nefnd reglugerð nr. 421/1978 er sett með stöð í, verða ekki heldur talin nægur lagagrundvöllur fyrir þeim aðgerðum, sem þörf er á til að útrýma sammerkingum sauðfjár.

Taldi nefndin því nauðsyn að fá sett í lög ákvæði, er banna allar hættulegar sammerkingar. Jafnframt lagði nefndin til að sú kvöð yrði lögð á markaverði landsins, að útrýma slíkum sammerkingum við útgáfu næstu markaskráa, sem allar eiga að koma út árið 1987, og að settar verði sérstakar reglur um hvernig beri að úrskurða um rétt manns til að halda marki sínu.

Frumvarp þetta er samið í landbúnaðarráðuneytinu á grundvelli tillagna nefndarinnar og að fenginni umsögn Búnaðarþings 1983 og 1984. Frumvarp um sama efni var lagt fram á Alþingi vorið 1983, en kom ekki til umræðu. Er frumvarpið nú lagt fram nokkuð breytt.

Reglur íslenskra laga um búfjármörk hafa að stofni til verið hinar sömu allt frá gildistíma Grágásar. Þannig voru flestar reglur Grágásar um þessi efni tekin óbreytt upp í Jónsbók, landsleigubálk 47 og 48, og giltu þau ákvæði þar til lög nr. 42 12. maí 1969 tóku gildi, en markareglur Jónsbókar voru teknar upp í þau lög með nokkrum breytingum.

Aukin útbreiðsla smitsjúkdóma í sauðfé, eins og riðuveiki síðustu ár, hefur kallað á auknar varúðarráðstafanir varðandi samgang sauðfjár. Sammerkingar, þ. e. notkun fleiri en eins fjáreiganda á sama marki, á þeim svæðum þar sem vænta má samgangs sauðfjár, auka hættu á útbreiðslu sauðfjársjúkdóma og skapa erfiðleika við framkvæmd varúðarráðstafana vegna þeirra. Þá auka sammerkingar hættu á að fé sé dregið röngum eiganda.

Við athugun nefndarinnar kom í ljós, að heiti marka voru í ýmsum tilvikum mismunandi eftir landshlutum og svæðum. Ætti að útrýma hættulegum sammerkingum, væri því nauðsynlegt að samræma markaheiti fyrir allt landið. Vann nefndin að því verkefni og voru markaverðir landsins m. a. kallaðir saman til funda þar sem fjallað var um markaheitin og aðrar tillögur nefndarinnar. Skilaði nefndin ráðuneytinu tillögu að reglugerð um mörk og markaskrár og eru markaheiti þar samræmd og ákveðið á hvaða svæðum á landinu sammerkingar á sauðfé eru óheimilar.

Búnaðarþing hefur samhliða umfjöllun um tillögur að frumvarpi þessu fjallað um tillögur að áður nefndri reglugerð og samþykkt þær tillögur með þeirri breytingu, að þegar menn verða að láta af marki vegna stækkunar sammerkingabannsvæða, verði heimilaður viss aðlögunartími.

Búnaðarþing hefur í umfjöllun sinni um frumvarpið lagt á það áherslu, að sett verði ótvírætt heimildarákvæði um notkun tölvu við færslu markaskrár fyrir allt landið, til að greiða fyrir samræmingu í gerð og prentun markaskráa, útrýmingu sammerkinga og upptöku nýrra marka. Í ályktun Búnaðarþings 1984 segir, að þingið telji raunar að slíku ákvæði þurfi að beita til þess að lagasmíði þessi nái tilgangi sínum. Taldi þingið jafnvel koma til álita, að í stað heimildar handa ráðherra komi bein fyrirmæli um tölvuskráningu allra marka. Í frumvarpinu er fylgt þeirri stefnu nefndarinnar, að hafa ákvæði um tölvunotkun í heimildarformi, sem ráðherra tekur ákvörðun um.

Þær breytingar, sem hér er lagt til að gerðar verði á markareglum laga nr. 42/1969, raska ekki þeim grunni, sem byggt hefur verið á allt frá gildistíma Grágásar, nema hvað lengra er nú gengið í banni við sammerkingum sauðfjár og ýmsar reglur settar til að tryggja frekari samræmingu við notkun marka og gerð markaskráa. Þá felast í þessu frumvarpi nýmæli vegna breyttra viðhorfa og nýrrar tækni.

Helstu breytingar sem felast í frumvarpinu eru:

- 1) Plötumerki í eyra með tiltekinni lágmarksáletrun er löggilt sem fjármark (63. gr.).
- 2) Heimilt er með reglugerð að löggilda frostmerkingar sem mörk á hrossum og nautgripum (3. mgr. 63. gr.).
- 3) Heimilt er að fela Búnaðarfélagi Íslands að hafa umsjón með samræmingu á gerð og útgáfu markaskráa, og upptöku nýrra marka (3. mgr. 66. gr.).
- 4) Ákveða má að öll mörk í landinu skuli sameiginlega færð í tölvu í umsjón Búnaðarfélags Íslands (3. mgr. 66. gr.).
- 5) Rýmkaðar eru heimildir stjórna fjallskilaumdæma til að leggja á markagjöld (5. gr. 66. gr.).
- 6) Markavörslu er heimilt að geyma mark (2. mgr. 67. gr.).
- 7) Ítarlegri reglur eru um sammerkingar sauðfjár og nýmæli er að reglurnar ná nú til sammerkinga, sem þegar eru fyrir hendi. Settar eru reglur um hvernig beri að leysa úr ágreiningi um rétt manna til að halda mörkum.
- 8) Komið er á sérstakri markanefnd og er heimilt, og í vissum tilvikum skylt, að skjóta til hennar ágreiningi um mörk. Markanefnd skal einnig fylgjast með framkvæmd laga, reglugerða og samþykta um mörk og markaskrár og vera til ráðuneytis um þau mál. Uppröðun efnisatriða hefur og nokkuð verið breytt frá IX. kafla laga nr. 42/1969.

Vegna lögboðinnar útgáfu næstu markaskráa, sem gefnar skulu út samtímis árið 1987, er brýnt að frumvarp þetta hljóti afgreiðslu á Alþingi sem fyrst.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Um a. (63. gr.)

Í skilgreiningu á fjármörkum í 1. mgr. er bætt við plötumerki og tekið fram hvaða upplýsingar skuli að lágmarki vera á því. Samkvæmt 12. gr. laga nr. 23/1956, sbr. lög nr. 12/1967, er sauðfjársjúkdómanefnd heimilað að fyrirskipa sérstakar merkingar á sauðfé og nautgripum, á kostnað eigenda, þar sem henni þykir nauðsyn bera til. Á grundvelli þessarar heimildar hafa þegar verið settar reglur um litarmerkingar búfjár, sbr. reglugerð nr. 113/1968. Eðlilegt þótti því, til að tryggja samræmi í slíkum litarmerkingum og plötumerkingum, að láta sauðfjársjúkdómanefnd setja nánari reglur um liti, gerð og notkun plötumerkja eftir varnarhólfum.

Ástæða þess að plötumerki eru nú löggilt sem fjármark er sú, hve fé er víða kollótt og því ekki hægt að brennimerkja það, auk þess sem hvert býli margra hreppa hefur sérstakt bæjarnúmer, sem bændur nota jafnhliða raðtölunúmeri á lömb sín.

Heimildin um að ákveða megi í reglugerð að á tilteknum svæðum skuli allt fé merkt plötumerkjum er tekin upp að tillögu Búnaðarþings vegna sauðfjársjúkdómavarna.

Heimild sú sem fram kemur í 1. málslið 3. mgr. var áður í 2. mgr. 64. gr., en heimildin er nú einnig látin taka til plötumerkja og nautgripa. Hins vegar er fellt niður úr heimildinni orðalagið „skil á“, því telja verður reglu 3. gr. laganna um efni fjallskilasamþykta fullnægjandi lagastöð vegna reglna um skil á hrossum og nautgripum.

Nýmæli er að tekið er fram að sömu reglur gildi um mörk á geitum og sauðfé.

Samkvæmt 3. mgr. er ráðherra heimilt með reglugerð að löggilda frostmerkingar sem mark á hrossum og nautgripum, en frostmerkingar hafa ekki verið reyndar nægilega hér á landi, til þess að ákvæði um þær geti verið annað en heimild fyrir ráðherra. Rétt þótti þó að taka fram, að ef frostmerking verður löggilt, skuli hún vera réttthærri eyrnamarki.

Um b. (64. gr.)

Orðalagi 1. mgr. 64. gr. l. 42/1969, sbr. l. 43/1976, er hér breytt nokkuð til einföldunar, en efni mgr. er óbreytt, nema hvað ákveðið er að löggilt plötumerki skuli vera næst réttthæst fjármarka.

Um c. (65. gr.)

Í 1. mgr. 65. gr. l. 42/1969, sbr. l. 43/1976, er það skilyrði við upptöku gerðarmarks, að „annar maður í því héraði eða hinum næstu eigi ekki sams konar mark eða svo svipað, að hætt sé við misdrætti.“ Í frv. er þessari reglu breytt til samræmis við reglur um bann við sammerkingum sauðfjár og jafnframt er það lagt í vald markavardar að úrskurða hvort gerðarmark sé það líkt öðru marki á sammerkingabannsvæðinu, að hætt sé við misdrætti.

Önnur málsgrein í tillögugreininni hefur að geyma sama efni og 69. gr. laga nr. 42/1969, sbr. l. 43/1976, en betur þótti fara í lagatextanum að láta þessi ákvæði fylgja reglum um aðilaskipti að mörkum.

Í núgildandi lögum er það lagt í vald sýslunefnda að ákveða í fjallskilasamþykkt, hvers konar mörk megi taka upp, svo og að banna tiltekin mörk, ef mikil soramörk eru, sbr. 2. mgr. 65. gr. l. 42/1969, sbr. l. 43/1976. Þessari reglu er fylgt áfram, nema hvað nú er gerð tillaga um að ráðherra geti í reglugerð ákveðið að bannað sé að nota tiltekin mörk. Slíkt ákvæði er nauðsynlegt, þegar banna þarf notkun marks um land allt eins og t. d. gat og netnál á sauðfé, vegna þess að slíkar benjar eru oft eftir merki í eyra og því óréttlæt看legt að leyfa slík mörk til helgunar eignarrétti á kindum.

Hér er og rétt að minna á ákvæði 5. gr. laga um dýravernd nr. 21/1957, en skv. greininni er óheimilt að eyrnamarka fé svo, að meira en helmingur eyrans sé numinn brott.

Um d. (66. gr.)

Fyrstu tvær málsgreinar í tillögugreininni og sú síðasta koma í stað 68. gr. í gildandi lögum, með nokkrum breytingum. Auk orðalagsbreytinga er skotið inn ákvæði um að fylgt skuli ákvæðum reglugerðar, sem ráðherra setur um mörk og markaskrár og að sem mest samræmi skuli haft í gerð markaskráa um land allt.

Í 3. mgr. tillögugreinarinnar er mikilvæg breyting frá gildandi lögum. Þar er ráðherra heimilað með reglugerð að ákveða að öll mörk í landinu skuli sameiginlega færð í tölvu í umsjá Búnaðarfélags Íslands, auk þess sem ráðherra getur falið Búnaðarfélaginu tiltekin verkefni við gerð markaskráa. Af hálfu markanefndar, sem skipuð var 5. ágúst 1980, margra markavarða og Búnaðarþings, hefur verið lögð mikil áhersla á að inn í lögin komi heimild til að beita tölvu við gerð markaskráa og vörslu þeirra.

Í fljótu bragði kann það að virðast ankannalegt, að ákvæði um hagnýtingu á svo sjálfsagðri tækni sem tölvu, séu sett í lög, en varðandi markavörslu og gerð markaskráa er aðstaðan nokkuð sérstök. Í þessu frv. er fylgt fyrri stefnu um að það sé verkefni stjórnar hvers fjallskilaumdæmis að annast markavörsluna og útgáfu markaskráa. Til að útrýma sammerkingum þykir hins vegar nauðsynlegt að viðhafa vissa samræmingu og samstarf við gerð markaskráa, og auk beinna ákvæða í lögum og reglugerðum er hér heimilað að fela Búnaðarfélaginu verkefni á þessu sviði. Kostnað af þessu starfi Búnaðarfélagsins greiða hins vegar stjórnir fjallskiladeildanna í hlutfalli við markafjölda og því er eðlilegt að til svo viðamikils verks sem tölvuskráningar á öllum mörkum í landinu sé sérstök lagaheimild. Þá er einnig nauðsynlegt, að í lögum sé ótvíræð heimild til slíkrar tölvuvinnslu, þannig að stjórnir einstakra fjallskilaumdæma geti ekki skorist úr leik, verði tekin upp tölvuvinnsla á markaskráum.

Með tölvuvinnslu á markaskráum verður mun auðveldara að finna óleyfilegar sammerkingar og hindra að stofnað sé til nýrra. Þá mun slík tölvuvinnsla, þegar hún er orðin að veruleika, auðvelda síðari útgáfu markaskráa og draga úr kostnaði við útgáfuna. Hins vegar er ljóst, að í upphafi verður um að ræða nokkuð aukinn kostnað miðað við fyrri vinnsluaðferðir og er því að tillögu markanefndar, sem skipuð var 5. ágúst 1980, lagt til að Búnaðarfélaginu sé heimilt, að fenginni sérstakri fjárveitingu á fjárlögum, að greiða að hluta tölvuvinnslu markaskráanna í fyrsta sinn.

Það skal tekið fram, að hjá Búnaðarfélagi Íslands er fyrir hendi tölvubúnaður og öll aðstaða til að sinna þessu verkefni.

Eins og í núgildandi lögum skal kostnaður fjallskilaumdæmis við markavörslu, störf markavarða, gerð og prentun markaskráa, þ. m. t. verkefni sem Búnaðarfélaginu kann að verða falið að annast, greiddur af markagjöldum sem stjórn hvers fjallskilaumdæmis getur lagt á markaeigendur.

Í 5. mgr. tillögugreinarinnar eru ýmis nýmæli. Þannig er lagt til að taka megri stighækkandi gjald ef markeigandi á þrjú mörk eða fleiri og eins ef mark hefur sannanlega ekki verið notað í tiltekinn tíma. Samkvæmt þessu er unnt að ákveða stighækkandi gjald fyrir hvert mark sem markeigandi óskar að skrá umfram þrjú. Í ályktun Búnaðarþings 1984 segir, að slíkt ákvæði sem þetta sé réttmætt, og orðrétt segir í ályktuninni:

„Þegar sammerkingabannsvæði stækka er aukin ástæða til að vinna gegn því að einstakir menn sanki að sér mörgum mörkum eins og sjá má dæmin um í ýmsum markatöflum.“

Þá eru ákvæði c-liðar um jöfnunargjald nýmæli, en telja verður rétt að stjórnir fjallskiladeildanna hafi slíkt úrræði, ef gjöld skv. a- og b-lið nægja ekki til að standa undir þeim kostnaði sem þeim er ætlað að mæta, frekar en að bíða verði útgáfu á nýrri markaskrá til að afla tekna til að standa undir nauðsynlegum og lögboðnum kostnaði.

Um e. (67. gr.)

Fyrri málsgrein þessarar greinar kemur í stað 66. gr. núgildandi laga. Í 2. mgr. felst hins vegar nýmæli, þar sem markavörslu umdæmis er heimilað að geyma mark, en sé markið geymt lengur en 8 ár, falli þó aldursréttur þess niður.

Um f. (68. gr.)

Í þessari grein er mikilvæg breyting frá gildandi lögum, en með greininni er lagður lagagrundvöllur að samræmdum aðgerðum til að útiloka sammerkingar á sauðfé þar sem þörf er á slíkum aðgerðum, eigi sauðfjárveikivarnir að þjóna tilgangi sínum.

Skv. 68. gr. núgildandi laga skulu markaverðir samliggjandi fjallskilaumdæma hafa samráð um markaskrár til þess að forðast sammerkingar. Jafnframt er heimilað að setja í fjallskilasamþykkt fyriræli um ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir sammerkingar, sbr. 4. mgr. 68. gr. laga nr. 42/1969, sbr. lög nr. 43/1976.

Á grundvelli þessara lagareglna hafa markaverðir hinna ýmsu fjallskilaumdæma unnið að útrýmingu sammerkinga og ákvæði eru um sammerkingar í ýmsum fjallskilaumdæmum.

Þá voru með reglugerð nr. 421/1978 um mörk og markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár vegna sauðfjárveikivarna settar ýmsar samræmdar reglur um þessi mál og kveðið á um bann við sammerkingum milli tiltekinnna svæða á landinu. Þessi reglugerð var sett skv. heimild í 45. gr. laga nr. 23/1956 um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra og í samræmi við IX. kafla laga um afréttamálefni, fjallskil o. fl. nr. 42/1969. Eðlilegra þótti hins vegar að búa reglum um þessi efni lagagrundvöll á einum stað í löggjöfnni og setja í lög reglur um hvernig skera eigi úr rétti manna til marka, sem leggja þarf niður vegna banns við sammerkingu.

Í lögum er hins vegar ekki heppilegt að setja nákvæmar reglur um, á hvaða svæðum á landinu sammerkingar séu bannaðar né hvaða markaverðir skuli starfa saman að útrýmingu þeirra, því aðstæður kunna að breytast, m. a. vegna útbreiðslu sauðfjársjúkdóma og nýrra varnarlína. Því er hér gerð tillaga um að ráðherra geti með reglugerð kveðið nánar á um þessi atriði.

Ríkari skylda en nú er í lögum er lögð á markaverði skv. þessu frumvarpi um að þeir vinni að útrýmingu óleyfilegra sammerkinga sem nú eru fyrir hendi og fyrirbyggi að nýjar myndist.

Reglur þær, sem fram koma í 2. mgr. um rétt markeiganda til marks, eru að stofni til komnar úr Jónsbók, landsleigubálki 48, en eru nú í 67. gr. laga nr. 42/1969, sbr. lög nr. 43/1976. Sú breyting er þó gerð hér að ef ekki reynist unnt að skera úr ágreiningi um hver skuli halda marki á grundvelli þessara reglna eða markaverðir verða ekki sammála, er skylt að vísa málinu til sérstakrar markanefndar sem tekur til landsins alls. Hér er það þó undanskilið að eðlilegt er að markaverðir leiti eftir því við markaeigendur, að ná sáttum milli þeirra um niðurfellingu slíkra marka og leiðbeini þeim um upptöku nýrra marka.

Í umfjöllun um tillögur að þessu frumvarpi voru ræddar ýmsar leiðir, sem miðuðu að því markmiði að markaverðir heim í héraði leystu úr þessum málum til fullnustu, en frekar væri þá gert ráð fyrir málskotsrétti þolenda t. d. til ráðuneytis. Þannig var rætt um hvort hægt væri að láta t. d. fjárfjölda eða hlutkesti ráða þegar þeim efnisreglum sem fram koma í 2. mgr. greinarinnar sleppir. Af hálfu markanefndar, sem skipuð var 5. ágúst 1980, og Búnaðarþings voru taldir ýmsir annmarkar á slíkum reglum og lögðu þessir aðilar áherslu á að komið yrði á fót úrskurðaraðila eins og markanefnd skv. þessu frumvarpi, því án slíks aðila væri ekki unnt að útrýma öllum óleyfilegum sammerkingum og tryggja nauðsynlegt samræmi í störfum markavarða að þessu verkefni.

Við úrlausn þeirra ágreiningsmála, sem ganga til markanefndar, ber nefndinni að fylgja þeim efnisreglum, sem fram koma í 2. mgr. 68. gr., eigi þau ákvæði við, en að öðrum kosti

verður nefndin að kveða upp rökstuddan úrskurð, sem byggist á mati nefndarinnar m. a. að teknu tilliti til þeirra sérstöku atriða, sem nefndinni ber að gæta skv. lofordum 3. mgr.

Í 4. mgr. tillögugreinarinnar er tekið fram, að sá sem missir mark sitt vegna þeirra reglna, sem fram koma í frv. eigi ekki kröfu á bótum. Á þeim fundum, sem haldnir hafa verið með markavörðum vegna endurskoðunar þeirra lagaákvæða sem hér er fjallað um og reglugerða tengdum þeim, hafa þeir lagt áherslu á að fébætur komi ekki fyrir mörk, sem leggja þarf niður til útrýmingar sammerkingum, þótt mörk séu viðurkennd eign, sem geti t. d. gengið að erfðum. Er í því sambandi bent á, að upptaka nýrra marka sé náma, sem öllum fjáreigendum sé leyfilegt að ganga í, þó með takmörkunum sem kunna að felast í lögum og reglugerðum. Takmarkanir og niðurfelling marka vegna banns við sammerkingum verða að teljast til þeirra almennu takmarkana á eignarrétti sem ekki falla undir eignarnám skv. 67. gr. Stjórnarskrár Íslands, en rétt þótti að taka af öll tvímæli um þetta atriði í ákvæðum frumvarpsins.

Ýmis gögn, t. d. eignarheimildir marka og upplýsingar, er markaeigendur kunna að hafa undir höndum, geta skipt máli við úrlausn markavarða, þegar deilt er um hver skuli halda marki. Þá er og eðlilegt að markaeigendur geti komið á framfæri sjónarmiðum sínum áður en markaverðir ákveða um rétt manna til marka. Því er í 5. mgr. boðið að markaeigendum skuli gefinn kostur á að tjá sig skriflega áður en markaverðir taka ákvörðun um hver haldi marki.

Um g. (69. gr.)

Samkvæmt 68. gr. er skylt að vísa til markanefndar ágreiningi um, hver skuli halda marki í vissum tilvikum. Í 1. mgr. þessarar greinar eru tilgreindar þær ákvarðanir markavarða, sem sá er hagsmuna hefur að gæta vegna ákvörðunar markavarðar getur skotið til markanefndar. Þó leggja verði áherslu á að markavarsla og úrlausn ágreinings um mörk sé fyrst og fremst verkefni markavarða heima í héraði, þykir rétt að þeir, sem hagsmuna eiga að gæta vegna ákvarðana þeirra, geti áfrýjað tilteknum ákvörðunum til óháðs úrskurðaraðila, sem tekur til alls landsins. Það skal tekið fram, að þegar talað er um skráningu á marki og synjun um skráningu, er ekki einvörðungu átt við þau tilvik þegar reglur um sammerkingar eiga í hlut, heldur slíkar ákvarðanir markavarða almennt. Rétt þykir að setja mönnum tiltekinn frest til að skjóta máli til markanefndar, m. a. vegna auglýsingar á mörkum og gerð markaskrár.

Nefnd sú, sem samdi frumvarp það sem síðar varð lög nr. 42/1969, setti á sínum tíma fram þá tillögu að komið yrði á fót landsmarkadómi með svipuðum hætti og gert er ráð fyrir að markanefnd starfi skv. þessu frumvarpi. Í meðförum Alþingis var ákvæðið um landsmarkadóm hins vegar fellt niður og taldi þingnefnd sú, sem um málið fjallaði, að rétt væri að þessum málum yrði ráðið til lykta í héraði, en óþarft væri að koma á slíkri landsnefnd. Markanefnd sú, sem landbúnaðarráðherra skipaði 5. ágúst 1980 til að endurskoða lög og reglur um mörk og sammerkingar búfjár, hefur enn lagt til að komið verði á fót slíkum úrskurðaraðila, sem taki til alls landsins. Þannig sé unnt að tryggja fullt samræmi við úrlausn þeirra ágreiningsmála, sem kunna að rísa vegna útrýmingar á óleyfilegum sammerkingum og framkvæmd reglna um mörk. Í tillögum sínum lagði nefndin til að notað yrði heitið landsmarkadómur, en í frumvarpinu er hins vegar fylgt þeirri reglu að nota ekki orðið dóm um úrskurðaraðila, nema um sé að ræða dómsvald.

Rétt þykir að taka fram, að markanefnd skal af sjálfsdáðum fylgjast með framkvæmd laga, reglugerða og samþykka um mörk og markaskrár, því þó nefndin hafi ekki úrskurðarvald nema í nánar tilgreindum málum, er mikilvægt að einhver einn aðili fylgist með framkvæmd þessara mála og veki athygli rétttra aðila á því sem betur má fara. Þá er ráðherra veitt heimild til að fela markanefnd tiltekin verkefni með reglugerð og má í því sambandi nefna sem dæmi framkvæmd reglna um forstmerkingar hrossa og nautgripa verði þær löggiltar.

Um 2. gr.

Með lögum nr. 43 25. maí 1976 voru gerðar ýmsar breytingar á lögum nr. 42/1969, sérstaklega III. kafla laganna er fjallar um verndun beitilanda og um ítölu. Við þessa breytingu varð einnig nokkur breyting á töluröð greina í lögnum. Með 35. gr. laga nr. 10 14. mars 1983 var gerð breyting á refsíákvæði laganna varðandi sektarmörk, en þar er vísað til 73. gr., en ljóst er að átt er við 70. gr. Að öðru leyti þarfnast grein þessi ekki skýringa.